

Yfirlýsing frá stefnendum í máli gegn Íslenska ríkinu vegna lögregluofbeldis í Skuggasundi.

Þann 31. maí 2024 hafði Ísrael staðið fyrir þjóðarmorðsárásum á Gaza í 237 daga. Íslensk yfirvöld höfðu á þessum tímapunkti setið hjá í atkvæðagreiðslu Sameinuðu þjóðanna um vopnahlé, fryst greiðslur til UNWRA, brottvísað fjölda palestínsks flóttafólks og gert lítið úr alvarleika stríðsglæpa Ísraels á alþjóðavettvangi (gleymum aldrei Bjarna Ben verja Netanyahu með orðunum „sagðiru árás?“ og Þórdísi Kolbrúnu réttlæta árásir Ísrael á spítala vegna meintra „mannlegra skjalda“).

Félagið Ísland-Palestína hafði boðað til mótmæla fyrir utan fund ríkisstjórnar Bjarna Benediktssonar. Yfirlýstur tilgangur mótmælanna var að mótmæla aðgerðarleysi íslenskra stjórnvalda gagnvart þjóðarmorði í Palestínu og krefjast þess að Ísland beitti sér fyrir tafarlausu vopnahléi, setti viðskiptaþvinganir á Ísrael og styddi kæru Suður-Afríku gegn Ísrael. Við, undirrituð, vorum öll mætt í Skuggasund þennan dag til að nýta rétt okkar til að koma saman og mótmæla, láta skoðun okkar í ljós og standa með frjálsri Palestínu. Sum okkar þekktust og sum ekki, en við áttum það sameiginlegt að við gátum ekki setið heima og gert ekki neitt.

Við eigum það líka sameiginlegt að vegna þess að við nýttum lýðræðislegan rétt okkar vorum við beitt grófu ofbeldi af hálfu lögreglu. Slíkt má ekki viðgangast og vegna þessa ákváðum við að draga lögregluna fyrir dóm. Þessi málsókn á hendur lögreglunni er eina leið okkar til löglegrar sjálfsvagnar gagnvart offorsi ríkisvaldsins sem þarna birtist.

Mörg okkar eru alin upp í ranghugmyndum um lögregluna: að henni sé ætlað að vernda almenning. En staðreyndin er sú að lögreglan er tól feðraveldis, nýlendustefnu, auðmagnsins og yfirvalda. Að beita almenning ofbeldi er hluti af hennar starfslýsingu. Út frá gögnum í málinu er ljóst að þennan morgun æsti lögreglan mótmælin vísvitandi upp í því skyni að meiða mótmælendur og fæla fólk frá því að mæta aftur. Líkt og stjórnandi aðgerða hefur sagt áður um aðra mótmælendur sem hann hefur beitt ofbeldi þá „þurfti að kenna þeim lexíu“.

Með dómsmálinu vonumst við eftir því að skapa fordæmi um að það hafi afleiðingar fyrir lögregluna þegar hún beitir ofbeldi gegn mótmælendum og að þolendum slíks ofbeldis séu borgaðar skaðabætur. Það er mikilvægt að skapa réttarfarslega hefð sem hægt er að styðjast við í framtíðinni þegar lögreglan brýtur á mótmælendum.

Persónulegir eftirmálar þessa ofbeldis eru mismunandi fyrir okkur, en þar má meðal annars nefna aukinn ótta og reiði gagnvart lögreglunni, áhyggjur af afkomu og vinnumöguleikum vegna ósanninda sem lögregla bar upp á mótmælendur og meiri kvíða við að mæta á mótmæli. En það er ekki vegna persónulegra afleiðinga sem við ákváðum að fara í mál. Lögregluofbeldi gegn frelsishreyfingu Palestínu er enn ein leið yfirvalda um allan heim til að koma í veg fyrir að Palestína verði frjáls. Þetta dómsmál er pínulítt hluti af baráttunni fyrir frelsinu til að spyrna fótum við yfirgangi, ofbeldi og eyðileggingu þeirra valdamiklu gegn alþýðu og lífríki jarðarinnar.

Það er í anda feðraveldis og nýlendustefnu að halda að ofbeldi geti kæft baráttuanda fólks. En kærleikurinn og samstaðan er ofbeldisfullum aðförum lögreglu og hervalds yfirsterkari.

Fólkið á Gaza gefst ekki upp, við gefumst ekki upp og Palestína mun verða frjáls!

Undirritað,

Bergþóra Snæbjörnsdóttir

Christa Hlín Lehmann

Daníel Þór Bjarnason

Elí Hörpu og Önundarbur

Lea María Lemarquis

Nono Enriquez Santos

Pétur Eggerz Pétursson

Qussay Odeh

Steinunn Lukka Sigurðardóttir